



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

**Íþrótt og tómstundasvið
Nauthólsvík, siglingaklúbbbar**

Skjalaskrá

Íþrótt- og tómstundasvið

Nauthólsvík, siglingaklúbbur



Formáli

Siglingaklúbburinn Siglunes, Siglingaklúbburinn Brokey, Sjóskátasveitin Klýfir, „Jónas feiti“ RE 6701, Skýjaborg RE 1732, Haftindur h.f. 123 og Guðrún Björg II ÞH-59.

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur starfrækir siglingaklúbbinn Siglunes og Ylströndina í Nauthólsvík. Starfstaðirnir hafa í um eitt ár verið hluti af rekstri frístundamiðstöðvar Kamps sem einnig starfrækir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Bærinn Nauthóll var reistur um árið 1850. Hann var eitt margra nýbýla, sem risu í nágrenni Reykjavíkur á þessum tíma. Hann var hjáleiga frá Skildinganesbænum og stóð við fjölfarinn vegaslóða. Taugaveiki kom upp á bænum í kringum aldamótin 1900 og hann var brenndur. Tóftir hans sjást enn norðan við bílastæðin.

Í síðari heimsstyrjöldinni voru miklar herbúðir og umsvif á vegum setuliðsins umhverfis flugvöllinn. Í Nauthólsvíkinni var aðstaða fyrir sjóflugvélar, sem voru mikilvægar í orrustunni um Atlantshafið. Þar var m.a. norsk flugsveit. Minnisvarði um veru hennar hér stendur vestan þjónustuhúss Ylstrandar. Á árunum eftir styrjöldina komu upp hugmyndir um nýtingu Nauthólsvíkur sem sjóbaðsstaðar og aðstaðan var bætt, en síðar voru sjóböð bönnuð vegna mengunar. Á áttunda áratugnum var síðan heiti lækurinn, sem gekk undir ýmsum nöfnum, vinsæll þar til honum var lokað 1985. Þegar hreinsun strandlengju borgarinnar fór á skrið, kviknuðu hugmyndir um að endurvekja Nauthólsvík sem sjóbaðstað og framkvæmdir hófust skömmu síðar. Ströndin var vígð sumarið 2000 og ári síðar var opnuð þjónustumiðstöð með búningasklefum, baðaðstöðu og veitingasölu (ís, sælgæti og gosdrykkir). Við ákjósanlegustu aðstæður er hitastig sjávarlónsins innan grjóttgarðanna 15-19°C og pottarnir eru 30-39°C heitir. Lónið og pottarnir eru hitaðir upp með affallsvatni frá hitaveitugeymunum í Öskjuhlíð. Þar er vatn, sem hefur verið nýtt til upphitunar húsa borgarbúa. Þjónustuhúsið er tilvalin aðstaða fyrir hlaupara, sem geta valið úr miklum fjölda hlaupaleiða, s.s. skógarstígum Öskjuhlíðar og meðfram ströndinni til vesturs og inn Fossvogsdalinn í átt að Elliðavatni.

Ylströndin í Nauthólsvík er annar tveggja baðstaða á landinu, sem hefur fengið „Bláfánann“, alþjóðlega viðurkenningu, sem Landvernd hefur umboð til að veita. Staðir, sem fá þessa vottun, verða að uppfylla ströng skilyrði um hreinlæti, vatnsgæði, öryggi, aðbúnað og fræðslu fyrir gesti og umhverfisvernd. Þess er vænt, að gestir séu meðvitaðir um gildi og mikilvægi góðrar umgengni og að staðurinn megi auka umhverfisvitund þeirra.

Siglingaklúbburinn Siglunes hefur aðstöðu í Nauthólsvík, austan Ylstrandarinnar. Þar er hægt að fá leigðar ýmsar gerðir báta á fimmtudögum, allt frá árabátum og kanóum upp í einfaldari gerðir seglbáta. Einnig er í boði skemmtisigling í bátum Jónasi feita.

Siglunes er í raun ævintýramiðstöð við sjóinn þar sem hressum og kjörkuðum krökkum gefst kostur á að finna kröftum sínum og ævintýraþrá farveg. Á sumrin er boðið uppá siglinganámskeið fyrir börn og unglinga á aldrinum 8–16 ára, auk námskeiða er boðið uppá siglingaklúbb fyrir 14–16 ára unglinga

sem hafa reynslu af siglingum og öðru bátasporti. Siglunes er jafnframt með bátaleigu yfir sumarið sem er alla miðvikudaga og fimmtudaga kl. 16.00-19.00. Á sumrin starfa 12 starfsmenn í Siglunesi. Starfsfólk er á aldrinum 22-53 ára. Starfsfólk er fagfólk á vettvangi frítímans. Afar rík áhersla er lögð á þjálfun starfsfólks. Starfsfólk er þjálfað í notkun báta og búnaðar sem notaður er á námskeiðunum, skyndihjálp og hafa starfsmenn mikla þekkingu og reynslu á viðfangsefni námskeiðanna. Starfsfólk Sigluness leggur áherslu á að öllum þátttakendum í starfinu líði vel og að dagskrá námskeiðanna sé fjölbreytt, þroskandi og skemmtileg. Sjá nánar [sumarstarfsvef ÍTR](http://www.nautholsvik.is/desktpdefault.aspx) á slóðinni <http://www.nautholsvik.is/desktpdefault.aspx>
Skjöl send Borgarskjalasafni í apríl 2007

Skjalaskrá

Bréfa- og málafn

Askja 1

Nauthólsvík og siglingaklúbburinn Siglunes. Bréf, fundargerðir, geinargerðir, samkeppnir o.fl., 1979-2003.

Örk 1

Nauthólsvík.

Greinargerð um Nauthólsvíkursvæði, kostnaðaryfirlit seglbátahafnar, hugmyndir að hafnaraðstöðu, teikningar af Nauthólsvík, 1979-1982.

Teikningar af stýrisstamma og legu, 1985.

Mappa: Samkeppni um hönnun á nýrri aðstöðu í Nauthólsvík, bréf, keppnislýsing, tillögur og teikningar sem bárust í forvali að nýrri hönnun á aðstöðu o.fl., 2003.

Örk 2

Nauthólsvík.

Fundargerðir Umhverfismálaráðs, 3., 10. og 24. nóvember 1982.

Fundargerð starfsmannafundar í Nauthólsvík 13. júní 1983.

Fundargerð róðrarnefndar SÍL, 6. nóvember 1991.

Bréf innanlands og utan vegna siglingamála, þing, samstarfssamningur, skýrslur, ráðstefna, samningar siglingaklúbba, kynning á starfsemi Vinnuskólans, símbréf, minnismiðar, auglýsingar, verðlistar o.fl., 1981-1993.

Örk 3

Nauthólsvík.

Drög að tillögum um leigu æskulýðsráðs á báti til handfæraveiða, siglingar og sjóvinna, minnismiðar o.fl., án árs.

Siglingastofnun, bréf þar sem tilkynnt er að Skýjaborg RE-1732 hafi verið tekin af skipaskrá, 29. desember 1998.

Ýmsar teikningar, án árs.

Sumarbústaðarland Þorsteins og Sigríðar, tillaga að skipulagi og teikning af bústað, 1981.

Örk 4

Siglingaklúbburinn Siglunes í Nauthólsvík, 1991-2005.

Siglingasamband Íslands, bréf til ÍTR vegna siglingaklúbbsins Sigluness o.fl., 16. október 1991.

Siglingar í Nauthólsvík, útgjaldaspá 1. október til 31. desember 1998.

Siglunes, bæklingur, án árs.

Málstofa um stöðu Sigluness og framtíð, án árs.

Nauðsynlegar endurbætur á húsnæði Siglunes fyrir, listi, 2005.

Sigla, reglur og formannspróf fyrir siglingaklúbbinn Siglunes, án árs, 2 hefti.

Askja 2

Siglingaklúbburinn Brokey, sjóskátasveitin Klýfir, „Jónas feiti“, Karel Karelsson, prentað mál og bókhald, 1975-2005.

Örk 1

Sjóskátasveitin Klýfir, 1979-1983.

Leigusamningur milli sjóskátasveitarinnar Klýfis og Reykjavíkurborgar, 29. mars 1979 og 6. apríl 1981, ljósrit.

Bréf og samningur milli sjóskátasveitarinnar Klýfis og Reykjavíkurborgar, 6. september 1982.

Sjóskátasveitin Klýfir, starfslýsing, 1983.

Greinargerð Gísla Á. Eggertssonar um viðhald Arnarins og sjóskátasveitina Klýfi, án árs.

Bréf til borgarstjóra frá Klýfi, fjárbeiðni vegna víkingaskipsins Arnarins, 14. október 1983.

Svarbréf frá borgarstjórn, fjárstuðningur samþykktur, 26. október 1983.

Örk 2

Siglingaklúbburinn Brokey, 1982-2005

Drög að samningi milli siglingaklúbbsins Brokeyjar og Æskulýðsráðs Reykjavíkur, líklega 1982.

Bréf frá Gísla Á. Eggertssyni um leigu á bátum Ólafi, 11. mars 1982.

Bréf Sigurðar Arasonar til Gísla Á. Eggertssonar um leigu á Ólafi, 16. mars 1982.

JaMex Industri, tilboð frá þeim til siglingaklúbbsins Brokeyjar, 24. nóvember 1982.

Sumarstarf kænudeildar Brokeyjar, dreifibréf um starfið, 1992.

Bréf til borgarstjórnar Reykjavíkur frá Erni Hjaltalín, varðandi fjárstuðning, 7. desember 1993.

Kroli h.f., bréf um flotbryggjur, viðhald o.fl., 15. apríl 1996.

Minnisblað vegna fundar við ÍTR, staða 2. maí 2005.

Bréf varðandi aðstöðu fyrir seglbáta, kort af hafnarsvæði, seglbátakeppnin Frakkland- Ísland-Frakkland o.fl., 1991.

Örk 3

„Jónas feiti“, 1983-1998.

Bréf til Innkaupastofnunar frá Æskulýðsráði Reykjavíkur, um leit að tilboðum í eftirlits- og björgunarbát í Nauthólsvík, líklega 1983-1984.

Bátalón h.f. gerir tilboð í smíði gæslubáts, 13. mars 1984.

Æskulýðsráð Reykjavíkur samþykkir tilboð Bátalóns h.f., 17. maí 1984.

Skipasmíðaskírteini frá Bátalóni h.f. fyrir „Jónas feita“, 15. október 1985.

Mælibréf, gefið út af Siglingamálastofnun fyrir „Jónas feita“, 22. október 1985.

Siglingamálastofnun, bréf þar sem tilkynnt er að „Jónas feiti“ RE-6701 hafi verið tekinn af skipaskrá, 29. desember 1998.

Örk 4

Karel Karelsson, Haftindur 123 og Guðrún Björg II ÞH-59, 1994-2000.

Bréf frá Karel Karelssyni til Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðherra vegna kaupa á fiskiskipinu Guðrúnu Björgu II ÞH-59, 15. nóvember 1994.

Karel Karelssonar sækir um fyrirgreiðslu til Borgarráðs Reykjavíkur til kaupa á skipi, 10. mars 1995.

Bréf frá Atvinnuleysistryggingasjóði og Byggðastofnun vegna styrks, skuldabréfaláns o.fl., 25. apríl 1995.

Afsal. Flóki h.f. selur Karel Karelssyni Guðrúnu Björgu II ÞH-59, 26. apríl 1995.

Bréf frá Karel Karelssyni til Hjálmars Árnasonar, vegna skips hans Haftindar, 28. apríl 1995.

Grandi h.f., staðfesting á að Haftindur leggi upp afla hjá þeim, 2. maí 1995.

Skrifstofa Borgarstjóra, samningsdrög og beiðni um samþykki vegna samstarfs við Kópavog o.fl., vegna starfsþjálfunar á fiskiskipi, 23. maí 1995.

Karel Karelsson, samningur um að leggja til skipsrúm fyrir starfsþjálfun ungs fólks, 6. júní 1995, 3 eintök.

Kjarasamningur milli Karels Karelssonar og Sjómannafélags Hafnarfjarðar, 1. júlí 1996.

Minnisblöð og símbréf, 1995.

Haftindur 123 ehf. Launablað, minnisblöð og listi yfir ungmenni sem voru í starfsþjálfun, 1996.

Haftindur 123 ehf. Sjóliðaverkefni, skýrsla, 2000.

Prentað mál

Reglur, blöð, bæklingar o.fl., 1978-1999.

Reglur um smíði og búnað íslenskra skipa. Hluti D. Reglur um smíði og öryggisbúnað báta minni en 6 metra að lengd, án árs, 2 hefti.

Reglur um smíði og búnað íslenskra skipa. Hluti P. Reglur um smíði og búnað skemmtibáta, 1978, 2 hefti.

Leman Power, kynningarbæklingur, án árs.
Vélar og tækni h.f., BMW D 50-1/ D50-2, kynning á bátsvél, án árs.
Svensk Rodd, blað, 1990-1995.
Il Canottaggio, blað, 1994-1995.
Roning, blað, 1991-1994.
HK Rowing, blað, 1995.
Tampere, blað, 1995.
World Rowing, blað, 1994, 1999.
Qajaq, blað, án árs.
Fisa, blað, 1992-1995.
Norges Roforbund, blað, 1994-1995.
American Rowing, blað, 1995.
Tunturi, 3 bæklingar um íþróttatæki, án árs.

Bókhald

Pantanir, fylgiseðlar, bæklingar, reikningar, o.fl., 1975-1994.

Örk 1

Fylgiseðill frá Innkaupastofnun með kynningu á *The Optimist export* seglbát, 1975.
Fylgiseðill frá Innkaupastofnun með bréfi og kynningu á World Champion seglbát, 1975.
Bréf og reikningur frá Kajakklúbbnum vegna kajakkaupa, 1991.
Afrit af reikningi til Reykjavíkurbæjar vegna kappróðarsýningar, 1994.

Skráð í október 2010 og janúar 2011
Gréta Björg Sörensdóttir